



LANDSNET

Ársreikningur 2016

LANDSNET



Ársreikningur 2016

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	7
Yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9
Eiginfjárfirlit	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12
Viðauki 1: Stjórnarháttayfirlýsing	33
Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	37

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Landsnet hf. var stofnað árið 2004 til að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Rekstur ársins 2016

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins og heildarafkoma 13 milljónum bandaríkjadala (USD). Eigið fé félagsins í árslok var 308 milljónum USD samkvæmt efnahagsreikningi, þar af var hlutfé 46 milljónir USD. Fjöldi ársverka hjá félaginu var 123.

Hlutfé í árslok 2016 skiptist á fjóra hluthafa líkt og í ársbyrjun, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun	64,73%
Rarik ohf.	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf.	5,98%

Í stjórn félagsins sitja tvær konur og einn karlmaður og tveir varamenn, einn af hvoru kyni. Stjórn Landsnets hf. uppfyllir því skilyrði 63. gr. laga um hlutfélög um að hvort kyn skuli eiga fulltrúa í stjórn og kynjahlutföll meðal varamanna.

Stjórn félagsins leggur ekki til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016 og vísar að öðru leyti til ársreiknings varðandi breytingar á eigin fé.

Frá og með árinu 2016 er uppgjör Landsnets birt í bandaríkjadöllum (USD) sem metinn hefur verið starfrækslugjaldmiðill félagsins. Samanburðarfrárhæðum árshlutareiknings hefur verið umbreytt í bandaríkjadali samkvæmt gengi Seðlabanka Íslands.

Landsnet gaf út í desember 2016 óveðtryggt skuldabréf í bandaríkjadöllum. Á sama tíma var greitt inn á íslenskt verðtryggt stofnlán frá móðurfélaginu og eftirstöðvum þess breytt í bandaríkjadali. Fjármögnunin og skuldbreyting eftirstöðva er liður í því að breyta samsetningu lána, færa lánasafnið yfir í starfrækslugjaldmiðil og draga úr gengisáhættu. Útgáfan í desember er í tveimur áföngum þar sem helmingur er greiddur í desember 2016 og eftirstöðvar í mars 2017. Um 80% af langtímalánum félagsins eru því í árslok í bandaríkjadöllum en var áður 90% í íslenskum krónum. Með þessum breytingum á lánasafninu er gjaldeyrisáhætta minnkuð verulega til framtíðar bæði hvað varðar áhrif á niðurstöður rekstrar og á efnahag.

Stjórnunarhættir

Stjórn Landsnets hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingargjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Til frekari upplýsinga er vísað í stjórnarháttayfirlýsingu sem er viðauki 1 við ársreikning félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar og er til frekari upplýsinga vísað í viðauka 2 við ársreikning félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. febrúar 2017

Stjórn:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Svana Helen Björnsdóttir
Ómar Benediktsson

Forstjóri:

Guðmundur Ingi Ásmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landsnets hf. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Landsneti hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (*IESBA Code*), og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Megináherslur við endurskoðun	Hvernig við endurskoðuðum megináherslur
Virðismat háspennulína og tengivirkja	
Háspennulínur og tengivirki eru verðmætustu eignir félagsins og virðismat þeirra er háð mati stjórnenda og því teljum við það vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Endurskoðun okkar beindist að mati stjórnenda á rekstrarvirði háspennulína og tengivirkja við árslok 2016. Við fórum yfir aðferðarfræði virðismatsins og hvort breytingar hafi orðið á henni á milli ára. Við fórum jafnframt yfir helstu forsendur stjórnenda fyrir matinu m.a.:
Háspennulínur og tengivirki Landsnets eru færð samkvæmt endurmatsaðferð og nam bókfært verð þeirra í árslok 2016 643 milljónum USD sem nemur um 83% af efnahagsreikningi félagsins.	<ul style="list-style-type: none">• Áætlanir sem byggt er á við útreikninga virðismatsins.• Mat á veginni meðalarðsemi (WACC) og forsendur útreikninganna.
Endurmat er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á rekstrarvirði eignanna. Mat á rekstrarvirði eignanna er byggt á sjóðstreymisgreiningu. Eignirnar voru endurmetnar í lok árs 2015 og er það mat stjórnenda að ekki séu forsendur til frekara endurmats á árinu 2016.	Við máttum hvort útreikningar virðismats væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort skýringar í ársreikningnum varðandi virðismatið væru viðeigandi.
Að því er varðar mat á virði eignanna, vísam við að öðru leyti í skýringu 14 um rekstrarfjármuni og í skýringar 35c og 35h um mikilvægar reikningsskilaaðferðir.	Við höfum einnig yfirfarið mat stjórnenda á afskriftum háspennulína og tengivirkja sem og endurmats og hvort það samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Vaxtaberandi langtímaskuldir

Þar sem vaxtaberandi langtímaskuldir eru veigamikill liður í reikningsskilum félagsins og breytingar hans voru verulegar á árinu, teljum við þær vera megináherslu við endurskoðun okkar.	Við endurskoðunina höfum við m.a. :
Bókfært verð vaxtaberandi langtímaskulda félagsins nam í árslok 2016 um 383 milljónum USD.	<ul style="list-style-type: none">• Yfirfarið allar vaxtaberandi skuldir félagsins og endurreiknað stöðu þeirra í árslok miðað við undirliggjandi lánasamninga.• Fengið staðfestingar frá lánveitendum á árslokastöðu.• Farið yfir skilmála skuldanna, áfallna vexti og næsta árs afborganir.• Metið reikningshaldslega meðferð stjórnenda á vaxtaberandi skuld við móðurfélag í samræmi við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
Við lok reikningsársins voru gerðir nýir lánasamningar við þriðja aðila og lánasamningar við móðurfélagið tóku breytingum.	

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Að því er varðar vaxtaberandi langtímaskuldir, vísuð við • Farið yfir hvort skýringar með ársreikningnum vegna að öðru leyti í skýringar 24 um vaxtaberandi skuldir, 32 um vaxtaberandi langtímaskulda séu í samræmi við alþjóðlega tengda aðila og 35b um mikilvægar reikningsskilaaðferðir. reikningsskilastaðla.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar, ófjárhagslega upplýsingagjöf og stjórnarháttayfirlýsingu félagsins sem finna má í viðauka með ársreikningnum. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Landsnets hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vísuð er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar veða þyngra en almannahagsmunir.

Reykjavík, 9. febrúar 2017

Deloitte ehf.

Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi

Rúnar Dór Daníelsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5,6	128.640	121.876
Aðrar tekjur	7	1.103	859
		129.743	122.735
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	8	20.565	16.445
Rekstur flutningskerfis	10,11	44.121	34.400
Kerfisstjórn	10,11	7.873	7.413
Annar rekstrarkostnaður	10,11	7.467	7.662
		80.026	65.920
Rekstrarhagnaður		49.717	56.815
Fjármunatekjur		1.205	2.987
Fjármagnsgjöld		(67.383)	(21.965)
Hrein fjármagnsgjöld	12	(66.178)	(18.978)
Áhrif hlutdeildarfélags	17	205	150
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(16.256)	37.987
Tekjuskattur	13,25	3.289	(7.575)
(Tap) hagnaður		(12.967)	30.412
(Tap) hagnaður á hlut:			
Grunn(tap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut	23	(0,28)	0,68

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Yfirlit um aðra heildarafkomu ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
(Tap) hagnaður	(12.967)	30.412
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé:			
Endurmat flutningskerfis		0	180.737
Reiknaður tekjuskattur af endurmati flutningskerfis		0	(36.147)
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé		0	144.590
Heildarafkoma ársins	(12.967)	175.002

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Rekstrarfjármunir	14	665.084	666.931
Flutningsvirki í byggingu	14	51.615	23.310
Óefnislegar eignir	15	11.003	13.034
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagi	16,17	6.667	5.614
Langtímakröfur		1.007	908
Fastafjármunir		<u>735.376</u>	<u>709.797</u>
Birgðir	18	4.646	4.323
Viðskiptakröfur á móðurfélag	32	4.457	4.743
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	19	8.085	7.794
Markaðsverðbréf	20	0	5.663
Handbært fé	21	18.253	62.290
Veltufjármunir		<u>35.441</u>	<u>84.813</u>
Eignir samtals		<u><u>770.817</u></u>	<u><u>794.610</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		45.549	45.549
Lögbundinn varasjóður		4.703	4.703
Bundið eigið fé		205	0
Endurmatsreikningur		210.520	220.989
Býðingarmunur		849	0
Óráðstafað eigið fé		46.585	52.515
Eigið fé	22	<u>308.411</u>	<u>323.756</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag	24	198.394	298.311
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	24	168.464	71.091
Tekjuskattsskuldbinding	25	49.019	56.600
Fyrirframinnheimtar tekjur	26	2.862	2.936
Niðurrifsskuldbinding	27	7.023	6.997
Langtímaskuldir		<u>425.762</u>	<u>435.935</u>
Skuldir við móðurfélag	24	69	9.768
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	24	16.454	7.222
Tekjuskattur til greiðslu	13,25	4.292	7.895
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	29	15.829	10.034
Skammtímaskuldir		<u>36.644</u>	<u>34.919</u>
Skuldir samtals		<u>462.406</u>	<u>470.854</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>770.817</u></u>	<u><u>794.610</u></u>

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Eiginfjáryfirlit ársins 2016

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Þýðingar- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2015:							
Eigið fé 1. janúar 2015.....	45.549	1.757	0	0	80.647	20.801	148.754
Hagnaður ársins.....						30.412	30.412
Endurmat flutningskerfis.....					180.737		180.737
Tekjuskattsáhrif af endurmati.....					(36.147)	(36.147)	
Heildarhagnaður ársins.....					144.590	30.412	175.002
Lagt í lögbundinn varasjóð.....		2.946				(2.946)	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(4.248)	4.248	0
Eigið fé 31. desember 2015.....	45.549	4.703	0	0	220.989	52.515	323.756
Árið 2016:							
Eigið fé 1. janúar 2016.....	45.549	4.703	0	0	220.989	52.515	323.756
Þýðingarmunur.....				849			849
Heildartap ársins.....						(12.967)	(12.967)
Greiddur arður til eigenda.....						(3.227)	(3.227)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags.....			205			(205)	0
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(10.469)	10.469	0
Eigið fé 31. desember 2016.....	45.549	4.703	205	849	210.520	46.585	308.411

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016

	Skýr.	2016	2015	
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarhagnaður		49.717	56.815	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	7 (1)	(9)
Afskriftir og virðisrýrnun	11	29.450	22.165	
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða og skatta		79.166	78.971	
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun	(644)	1.436	
Rekstartengdar skuldir, lækkun	(229)	(610)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða og skatta		78.293	79.797	
Innborgaðar vaxtatekjur		1.204	1.471	
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(18.403)	(15.274)
Greiddur tekjuskattur	(8.698)	(4.458)
Handbært fé frá rekstri		52.396	61.536	
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í flutningsvirkjum	(45.208)	(29.517)
Aðrar fjárfestingar	(3.035)	(3.527)
Söluverð fastafjármuna		28		26
Langtímakröfur, breyting		55	(759)
Markaðsverðbréf, breyting		6.153	(1.955)
Fjárfestingarhreyfingar	(42.007)	(35.732)
Fjármögnunarhreyfingar				
Afborgun af skuldum við móðurfélag	(143.916)	(51.794)
Tekin langtímalán		98.767		0
Afborganir annarra vaxtaberandi langtímaskulda	(7.432)	(7.409)
Greiddur arður til eigenda	(3.227)		0
Fjármögnunarhreyfingar	(55.808)	(59.203)
Lækkun á handbæru fé	(45.419)	(33.399)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		1.382	(716)
Þýðingarmunur vegna gjaldmiðlabreytinga		0	(7)
Handbært fé í ársbyrjun		62.290		96.412
Handbært fé í árslok	21	18.253		62.290
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:				
Skuldbreytt lán í USD við móðurfélag		207.582		0
Skuldbreyting á láni í ISK við móðurfélag	(207.582)		0

Skýringar nr. 1 til 35 eru óaðskiljanlegur hluti þessa ársreiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfahlöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er ársreikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 9. febrúar 2017.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir félagsins eru í skýringu 35.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins frá ársbyrjun 2016. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Ársreikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningskerfi félagsins er fært á endurmetnu virði.

Samanburðarfrjárhæðum ársreiknings hefur verið umbreytt í bandaríkjadali samkvæmt gengi Seðlabanka Íslands. Fjárhæðir rekstrar umbreytast á meðaltali miðgengis tímabilsins, fjárhæðir efnahags á miðgengi tilgreindrar dagsetningar, sjóðstreymi eftir atvikum á meðaltali miðgengis tímabilsins eða á dagsetningu þess dags sem viðskiptin áttu sér stað.

4. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana um reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýringar nr. 14 og 35c - rekstrarfjármunir
- Skýringar nr. 15 og 35d - óefnislegar eignir
- Skýringar nr. 27 og 35j - niðurrifsskuldbinding
- Skýring nr. 25 og 35n - tekjuskattsskuldbinding

Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar í ársreikningi félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði á fjáreignum og fjárskuldum og öðrum eignum og skuldum. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir. Landsnet hf. endurmetur hluta fastafjármuna til gangvirðis sbr. skýringu 14, sem og markaðsverðbréf. Aðrar eignir og skuldir félagsins eru ekki færðar á gangvirði.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er metið á núvirði vænts framtíðargreiðslufaðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarsjóðflæðis höfuðstóls og vaxta, afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörsdegi.

Skýringar, frh.:

5. Tekjur af raforkuflutningi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35k

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

	2016	2015
Orkuflutningur	106.243	103.641
Flutningstap og kerfisþjónusta	21.067	17.148
Þjónustutekjur	456	373
Innmötunargjald	874	714
Tekjur af raforkuflutningi samtals	<u>128.640</u>	<u>121.876</u>

Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Frekari upplýsingar um tekjur frá hluthöfum má finna í skýringu nr. 32 um tengda aðila.

6. Orkuflutningur

Orkuflutningur greinist þannig:

Orkuflutningur til stórnotenda	70.840	73.454
Orkuflutningur til dreifiveitna	35.403	30.187
Orkuflutningur samtals	<u>106.243</u>	<u>103.641</u>

7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

Verk- og efnissölutekjur	472	381
Húsaleigutekjur	241	247
Tekjur vegna upprunaábyrgða og vottana	287	176
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	1	9
Aðrar tekjur	102	46
Aðrar tekjur samtals	<u>1.103</u>	<u>859</u>

8. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	14.184	10.774
Kerfisþjónustukaup	6.381	5.671
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	<u>20.565</u>	<u>16.445</u>

9. Þóknunir til endurskoðunarfélaga

Þóknunir til endurskoðunarfélaga greinast þannig:

	2016		2015	
	Endurskoðun	Önnur þjónusta	Endurskoðun	Önnur þjónusta
Deloitte ehf.	53	70	46	35
KPMG ehf.	-	-	39	0
Þóknunir til endurskoðunarfélaga samtals	<u>53</u>	<u>70</u>	<u>85</u>	<u>35</u>

Önnur þjónusta á árinu 2016 er kostnaður vegna könnunar á árshlutareikningi og aðkeypt þjónusta vegna innleiðingar á breyttum starfrækslugjaldmiðli félagsins.

Skýringar, frh.:

10. Laun og launatengd gjöld

2016 2015

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c og 35i

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	12.316	10.330
Iðgjaldatengdar lífeyrisgreiðslur	1.567	1.278
Réttindatengdar lífeyrisgreiðslur	37	9
Önnur launatengd gjöld	1.098	930
Eignfærð laun	(1.430)	(1.057)
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld samtals	13.588	11.490

Gjaldfærð laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

Rekstur flutningskerfis	5.601	5.067
Kerfisstjórn	3.574	3.198
Annar rekstrarkostnaður	4.413	3.225
Laun og launatengd gjöld samtals	13.588	11.490

Stöðugildi að meðaltali

Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf

Laun stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra voru sem hér segir:

	Þús. ISK		Þús. USD	
	2016	2015	2016	2015
Laun stjórnar	7.831	7.311	65	55
Laun og hlunnindi forstjóra	19.731	18.237	164	138
Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra	99.963	62.525	828	474

Stöðugildi framkvæmdastjóra voru 5 á árinu 2016 en 3,33 árið 2015. Laun forstjóra eru ákvörðuð af Kjararáði og tekur hækkunum samkvæmt því. Á árinu 2016 var að auki greidd leiðrétting til forstjóra að fjárhæð 17 þús. USD (2,2 milljónir kr.) vegna ársins 2015 og er samanburðarfjárhæðin leiðrétt sem því nemur.

11. Afskriftir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c og 35d

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 14	28.862	21.156
Afskriftir og virðisryrnun ófnislegra eigna, sbr. skýringu 15	588	1.009
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	29.450	22.165

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

Rekstur flutningskerfis	28.341	20.811
Kerfisstjórn	328	522
Annar rekstrarkostnaður	781	832
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	29.450	22.165

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35m

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	628	1.055
Tekjur af verðbréfaeign	577	455
Gengismunur	0	1.477
Fjármunatekjur samtals	1.205	2.987

Skýringar, frh.:

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.:	2016	2015
Vaxtagjöld	(17.408)	(15.351)
Verðbætur	(7.412)	(7.309)
Gengismunur	(45.219)	0
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(26)	(659)
Eignfærðir vextir	2.682	1.354
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(67.383)</u>	<u>(21.965)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(66.178)</u>	<u>(18.978)</u>

Fjármagnskostnaður vegna bygginga á flutningsvirkjum og undirbúningskostnað, að fjárhæð 2,7 milljónum USD (2015: 1,4 milljónum USD), er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum í rekstrarreikningi.

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 6,5% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á árinu (2015: 5,7%). Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á árinu.

13. Tekjuskattur

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Frestaður tekjuskattur ársins	7.581	187
Þýðingamunur vegna gjaldmiðlabreytinga	0	133
Tekjuskattur til greiðslu	<u>(4.292)</u>	<u>(7.895)</u>
Tekju-(gjald)færður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>3.289</u>	<u>(7.575)</u>

Tekjuskattur færður á eigið fé:

Tekjuskattsskuldbinding vegna endurmats fastafjármuna	0	36.147
-------------------------------------------------------------	---	--------

Breyting tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	7.581	187
Tekjuskattsskuldbinding vegna endurmats fastafjármuna	0	<u>(36.147)</u>
Breyting tekjuskattsskuldbindingar	<u>7.581</u>	<u>(35.960)</u>

	2016	2015
Afstemming á virku skatthlutfalli		
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>(16.256)</u>	<u>37.987</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 3.251	20,0% (7.597)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	0,3% 41	(0,1%) 30
Annað	0,0% (3)	0,0% (8)
Virkur tekjuskattur	<u>20,3% 3.289</u>	<u>19,9% (7.575)</u>

Skýringar, frh.:

14. Rekstrarfjármunir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35c

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2015	234.739	397.125	32.998	664.862
Endurmat	112.998	132.662	0	245.660
Viðbætur á árinu	3.518	2.568	782	6.868
Millifært	(1.047)	1.047	0	0
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	1.918	6.581	0	8.499
Selt	0	0	(115)	(115)
Þýðingamunur vegna gjaldmiðlabreytinga	(4.796)	(8.066)	(673)	(13.535)
Staða 31.12.2015	347.330	531.917	32.992	912.239
Viðbætur á árinu	2.327	2.140	895	5.362
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	9.072	12.606	0	21.678
Selt	0	0	(72)	(72)
Staða 31.12.2016	358.729	546.663	33.815	939.207
Afskriftir				
Staða 1.1.2015	51.209	101.226	9.896	162.331
Endurmat	27.458	37.465	0	64.923
Afskriftir ársins	7.132	12.533	1.491	21.156
Selt og aflagt	0	0	(98)	(98)
Þýðingamunur vegna gjaldmiðlabreytinga	(940)	(1.883)	(181)	(3.004)
Staða 31.12.2015	84.859	149.341	11.108	245.308
Afskriftir ársins	12.373	15.327	1.162	28.862
Selt	0	0	(47)	(47)
Staða 31.12.2016	97.232	164.668	12.223	274.123
Bókfært verð				
1.1.2015	183.530	295.899	23.102	502.531
31.12.2015	262.471	382.576	21.884	666.931
31.12.2016	261.497	381.995	21.592	665.084
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2015	165.653	210.735	23.102	399.490
31.12.2015	160.270	208.539	21.884	390.693
31.12.2016	164.310	216.031	21.592	401.933

Forsendur endurmats rekstrarfjármuna á árinu 2015

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli voru línur og tengivirki félagsins endurmetnar í lok árs 2015. Við endurmatið var beitt tvenns konar aðferðum. Annars vegar var litið til áætlaðs endurbyggingarkostnaðar flutningskerfisins, sem var metinn af óháðum sérfræðingum í ársbyrjun 2015 og framreiknaður til ársloka 2015. Hins vegar var lagt mat á rekstrarvirði með sjóðstreymisgreiningu. Matstímabilið var frá 2016 til 2025 og eftir það reiknað framtíðarvirði rekstrar. Endurmat ársins var byggt á rekstrarvirði núverandi eigna félagsins og gert ráð fyrir að fjárfestingar myndu jafngilda afskriftum núverandi eignastofns. Núvirðing framtíðarsjóðstreymis var byggð á veginni meðalardsemi (WACC) sem félaginu er úthlutað fyrir stórnotendur og dreifiveitur. Það er mat stjórnenda að ekki séu forsendur til endurmats rekstrarfjármuna á árinu 2016. Endurmatið fellur undir stig 3 í stigveldi gangvirðis.

Skýringar, frh.:

14. Rekstrarfjármunir, frh.:

Fasteignamat og vátryggingarverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nemur um 30,9 milljónum USD (2015: 24,0 milljónum USD). Brunabótamat sömu eigna nemur um 50,7 milljónum USD (2015: 44,3 milljónum USD) og bókfært verð 45 milljónum USD (2015: 29,6 milljónum USD). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins, annarra en háspennulína og strengja sem tryggð eru með viðlagatryggingu, nemur 566,4 milljónum USD (2015: 450,2 milljónum USD). Félagið er með viðlagatryggingu að fjárhæð 990,5 milljónum USD (2015: 888,1 milljónum USD).

Flutningsvirki í byggingu	2016	2015
Staða 1.1.	23.310	6.377
Viðbætur á árinu	46.782	24.640
Flutt á rekstrarfjármuni	(21.678)	(8.499)
Flutt af undirbúningskostnaði	3.201	631
Þýðingarmunur vegna gjaldmiðlabreytinga	0	161
Staða 31.12.	51.615	23.310

15. Óefnislegar eignir:

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35d og 35h

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2015	14.079	4.016	18.095
Viðbætur á árinu	2.758	470	3.228
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(631)	0	(631)
Þýðingamunur vegna gjaldmiðlabreytinga	(255)	(75)	(330)
Staða 31.12.2015	15.951	4.411	20.362
Viðbætur á árinu	1.275	483	1.758
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(3.201)	0	(3.201)
Staða 31.12.2016	14.025	4.894	18.919

Afskriftir og virðisrýrnun

Staða 1.1.2015	3.997	2.438	6.435
Virðisrýrnun og afskriftir ársins	772	237	1.009
Þýðingamunur vegna gjaldmiðlabreytinga	(70)	(46)	(116)
Staða 31.12.2015	4.699	2.629	7.328
Virðisrýrnun og afskriftir ársins	269	319	588
Staða 31.12.2016	4.968	2.948	7.916

Bókfært verð

1.1.2015	10.082	1.578	11.660
31.12.2015	11.252	1.782	13.034
31.12.2016	9.057	1.946	11.003

Undirbúningskostnaður er á hverju ári yfirfarinn af stjórnendum Landsnets hf. og athugað er hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef stjórnendur telja að virðisrýrnun hafi orðið er sá undirbúningskostnaður færður til gjalda sem virðisrýrnun.

Skýringar, frh.:

16. Eignarhlutur í dótturfélagi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35e

Eignarhlutur í dótturfélagi:

	31.12.2016		31.12.2015	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Landsnet ehf.	100,00%	5	100,00%	4

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði. Enginn rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

17. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35f

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi:

	2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
	Afkomu- hlutdeild	Afkomu- hlutdeild	Bókfært verð	Bókfært verð
Orkufjarskipti hf. 50%	205	150	6.662	5.610

18. Birgðir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35g

Birgðir félagsins eru varahlutir og efnisbirgðir. Ekki var færð niðurfærsla á birgðum félagsins á árunum 2016 og 2015.

19. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptakröfur	6.832	6.600
Aðrar skammtímakröfur	1.253	1.194
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	8.085	7.794

20. Markaðsverðbréf

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Markaðsverðbréf í eigu félagsins eru skráð í kauphöll. Þau eru auðseljanleg, en flokkast ekki sem handbært fé þar sem líftími þeirra er lengri en þrjú mánuðir. Mat markaðsverðbréfa fellur undir stig 1 í stigveldi gangvirðis.

21. Handbært fé

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Handbært fé:

Bankainnstæður í bandaríkjadöllum	10.731	33.558
Bankainnstæður í annarri mynt	7.522	28.732
Handbært fé samtals	18.253	62.290

22. Eigið fé

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 milljónum kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Endurmatsreikningur

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun rekstrarfjármuna að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Skýringar, frh.:

22. Eigið fé, frh.:

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutafjár, en 5% eftir það.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur er gengismunur sem er tilkominn vegna þess að dóttur- og hlutdeildarfélag Landsnets er með aðra starfrækslumuynnt.

Bundið eigið fé

Skv. ákvæðum ársreikningalaga skal félagið færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélaga, sem er umfram mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning á meðal eigin fjár.

Arður

Félagið greiddi arð á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015 að fjárhæð 400 milljónir kr. Ekki var hinsvegar greiddur arður á árinu 2015 vegna rekstrarársins 2014.

23. (Tap) hagnaður á hlut	2016	2015
Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35o		
Grunn(tap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut:		
(Tap) hagnaður til hluthafa	(12.967)	30.412
Vegið meðaltal útistandandi hluta í árslok	45.549	45.549
Grunn(tap) -hagnaður og þynnt (tap) -hagnaður á hlut	(0,28)	0,68

24. Vaxtaberandi skuldir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir	31.12.2016	31.12.2015
Verðtryggt langtímaskuld við móðurfélag í íslenskum krónum,		
fastir vextir	0	298.311
Lánasamningur við móðurfélag í bandaríkjadöllum (USD), fastir vextir	207.582	0
Óskráð skuldabréf í BNA (USD), fastir vextir	98.767	0
Lánasamningur í svissneskum frönskum (CHF), Libor vextir + álag	31.661	38.364
Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir	45.302	39.949
	383.312	376.624
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(16.454)	(7.222)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	366.858	369.402

Skammtímaskuldir við móðurfélag

Skammtímaskuldir við móðurfélag greinast þannig:

Áfallnir vextir langtímalána	69	9.768
Skammtímaskuldir við móðurfélag samtals	69	9.768

Í lok ársins var gengið frá útgáfu óskráðra skuldabréfa á Private Placement markaði í Bandaríkjunum sem nemur 200 milljónum USD. Helmingur þeirrar fjárhæðar var útgefin og frágengin í desember en seinni helmingur í mars 2017. Meðalvextir útgáfunnar eru 4,56% fastir vextir. Á sama tíma voru greiddar 95 milljónir USD inn á verðtryggt lán við móðurfélagið og eftirstöðum lánsins breytt í bandaríkjadali (USD) með lokagjalddaga árið 2020.

Í árslok 2016 uppfyllir félagið alla gildandi skilmála lánasamninga um fjárhagslegan styrk.

Skýringar, frh.:

Skilmálar vaxtaberandi skulda	Lokagjalddagi	31.12.2016		31.12.2015	
		Vegnrir		Vegnrir	
		meðalvextir	Bókfært verð	meðalvextir	Bókfært verð
Skuldir í USD	2020-2029	4,10%	306.349	-	0
Skuldir í CHF	2022	0,00%	31.661	0,05%	38.364
Verðtryggðar skuldir í ISK	2034	5,00%	45.302	4,30%	338.260
Vaxtaberandi skuldir samtals			<u>383.312</u>		<u>376.624</u>
Afborganir greinast þannig á næstu ár:					
Árið 2017/2016				16.454	7.222
Árið 2018/2017				16.559	7.292
Árið 2019/2018				16.675	7.366
Árið 2020/2019				187.461	7.445
Árið 2021/2020				12.630	305.837
Síðar				133.533	41.462
				<u>383.312</u>	<u>376.624</u>

25. Tekjuskattskuldbinding

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35n

Tekjuskattskuldbinding félagsins greinist þannig:

	2016	2015
Tekjuskattskuldbinding 1. janúar	56.600	21.078
Tekjuskattur ársins færður í rekstrarreikning	(3.289)	7.575
Tekjuskattsáhrif vegna endurmats	0	36.147
Tekjuskattur til greiðslu	(4.292)	(7.895)
Þýðingarmunur vegna gjaldmiðlabreytinga	0	(305)
Tekjuskattskuldbinding 31. desember	<u>49.019</u>	<u>56.600</u>

Tekjuskattskuldbinding greinist þannig í árslok:

	31.12.2016	31.12.2015
Rekstrarfjármunir	55.188	56.223
Óefnislegar eignir	1.366	1.549
Aðrar eignir	414	157
Niðurrifsskuldbinding	(1.405)	(1.399)
Aðrar skuldbindingar	(616)	(635)
Óinnleystur gengismunur	(5.928)	705
Tekjuskattskuldbinding í árslok	<u>49.019</u>	<u>56.600</u>

26. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru að mestu vegna tengigjalda sem raforkukaupendur hafa greitt félaginu. Þær námu í árslok 3,1 milljónum USD (2015: 3,1 milljónum USD). Sá hluti fyrirframinnheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2016 námu 0,1 milljónum USD (2015: 0,1 milljónum USD).

27. Niðurrifsskuldbinding

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35j

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

	2016	2015
Staða 1.1.	6.997	6.460
Áhrif núvirðingar á árinu	26	659
Þýðingarmunur vegna gjaldmiðlabreytinga	0	(122)
Staða 31.12.	<u>7.023</u>	<u>6.997</u>

Skýringar, frh.:

27. Niðurrifsskuldbinding, frh.:

Stofnverð rekstrarfjármuna innifelur áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um nýtingartíma. Á móti hefur verið færð skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er breyting á skuldbindingunni vegna núvirðingar, sem miðuð er við 5,7% vexti (2015: 6,4%), færð meðal fjármagnsgjalda, auk afskrifta meðal rekstrarkostnaðar.

28. Lífeyrisskuldbinding

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35i

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á árinu 2016 eru gjaldfærðar 37 þús. USD vegna þessa (2015: 8 þús. USD), en áfallin lífeyrisskuldbinding er gerð upp árlega.

29. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Sjá reikningsskilaaðferðir í skýringu 35b

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.12.2016	31.12.2015
Viðskiptaskuldir	11.868	6.876
Aðrar skammtímaskuldir	3.961	3.158
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	15.829	10.034

30. Fjármálagerningar

Stýring fjárhagslegrar áhættu

Eftirfarandi áhætta fylgir fjármálagerningum félagsins:

- Mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu þess. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálagri áhættu þess. Stjórnin sækir ráðgjöf vegna fjármálaglegrar áhættu bæði til starfsmanna félagsins og utanaðkomandi ráðgjafa og ræðir reglulega á stjórnarfundum.

Markmið félagsins með virku eftirliti með fjármálagri áhættu er að uppgötva og greina áhættuþætti tímanlega, greina þær áhættur sem félagið býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni.

Á árinu hefur verið unnið markvisst að því að draga úr markaðsáhættu með því að endurfjármagna og skuldbreyta stofnláni frá móðurfélagi sem var verðtryggt og í íslenskum krónum. Félagið sótti í desember 2016 fjármögnun að fjárhæð 200 milljónum USD með föstum vöxtum og var helmingur þeirrar fjárhæðar útgefin og frágengin í desember 2016 en seinni helmingur í mars 2017.

Í lok september 2016 var samið við móðurfélagið um innborgun á stofnlánið og í lok desember um skuldbreytingu á eftirstöðvum lánsins yfir í bandaríkjadali (USD). Með þessu hefur félagið náð því markmiði sínu að hafa að stórum hluta fjármögnun í starfsrækslugjaldmiðli og þannig lágmarkað til framtíðar markaðsáhættu í formi gengisáhættu í rekstri og efnahag. Í árslok var lánasafn félagsins komið 79,9% í USD (2015: 0% USD) og 11,8% í ISK (2015: 89,8% ISK).

Með endurfjármögnun og skuldbreytingu hefur félagið einnig færst nær þeim markmiðum sínum að ná eðlilegri greiðsludreifingu á afborgunarferil langtímalána.

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta félagsins er aðallega vegna viðskiptakrafna og ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna svo og vegna handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

30. Fjármálagerningar, frh.:

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Helstu viðskiptavinir félagsins eru raforkuframleiðendur, dreifingaraðilar raforku og stórnotendur. Stærstu viðskiptamenn félagsins eru einnig hluthafar í félaginu. Um 85% (2015: 86%) af flutningstekjum félagsins eru vegna viðskipta við hluthafa félagsins.

Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhættu

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	31.12.2016	31.12.2015
Langtímakröfur	1.065	957
Viðskiptakröfur á móðurfélag	4.457	4.743
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	8.026	7.744
Markaðsverðbréf	0	5.663
Handbært fé	18.253	62.290
Mesta mögulega tap vegna mótaðilaáhættu	31.801	81.397

Niðurfærsla

Hvorki var færð niðurfærsla vegna viðskiptakrafna í árslok né gjaldfærðar tapaðar kröfur á árinu og byggir það á mati og reynslu stjórnenda. Reglulega er fylgst með innheimtumálum félagsins.

Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum og takmarka þannig lausafjánhættu. Á árinu var gengið frá lánalínu við Landsbanka Íslands að fjárhæð 50 milljónum USD, ekki hefur verið dregið á lánalínuna. Sterkt sjóðstreymi frá rekstri, fjármögnun, dreifðar endurgreiðslur lána ásamt aðgengi að lánalínu tryggir greiðsluhæfi félagsins til ársins 2018.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Meira en 5 ár
31.12.2016						
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Skuldir við						
móðurfélag	207.650	238.667	18.724	18.312	201.631	0
Langtímask.	175.731	238.800	10.423	10.423	48.036	169.918
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	13.327	13.327	13.327	0	0	0
	396.708	490.794	42.474	28.735	249.667	169.918

31.12.2015

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Skuldir við						
móðurfélag	308.079	361.105	12.559	12.559	335.987	0
Langtímask.	78.313	107.652	9.305	9.427	28.141	60.779
Viðskiptask. og aðrar skammt.sk.	6.922	6.922	6.922	0	0	0
	393.314	475.679	28.786	21.986	364.128	60.779

Skýringar, frh.:

30. Fjármálagæringar, frh.:

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagæringa þess. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta er skilgreind sem gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta og verðtryggingaáhætta.

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna óhagstæðra breytinga á gengi gjaldmiðla. Félagið býr við gjaldmiðlaáhættu vegna tekna, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Starfrækslugjaldmiðill félagsins er bandarískir dalir og myndast því gjaldmiðlaáhætta af nettó sjóðstreymi og opinni stöðu efnahagsreiknings í öðrum myntum en bandarískum dólum. Meiri hluti tekna félagsins er í bandarískum dólum (USD), en aðrar tekjur eru í íslenskum krónum. Gjaldmiðlaáhætta vegna tekna í íslenskum krónum er takmörkuð þar sem innkaup í íslenskum krónum vega nánast upp á móti þeim á grundvelli sjóðstreymis. Á árinu sköpuðu einkum íslenskar krónur (ISK) og svissneskur franki (CHF) gengisáhættu í efnahag. Með endurfjármögnun í desember 2016 og skuldbreytingu á eftirstöðum stofnláns frá móðurfélaginu var gjaldmiðlaáhætta í efnahag minnkuð verulega. Í árslok var 79,9% af langtímalánum félagsins í bandaríkjadólum en 20,1% í öðrum myntum.

Félagið ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu, en metur reglulega myntsamsetningu skulda félagsins á móti myntsamsetningu tekna og eigna.

Lántaka félagsins í svissneskum frönskum (CHF), myndar gengisáhættu en vextir af þessu láni eru lægri en af lánum sem félagið tekur í bandaríkjadólum. Félagið ver sig hinsvegar að hluta gagnvart þessari gengisáhættu með því að eiga CHF eignir í formi innlána á móti skuldinni.

Áhætta félagsins vegna helstu erlendra gjaldmiðla er sem hér segir:

	EUR	CHF	ISK
31.12.2016			
Handbært fé	398	4.828	2.298
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4	0	6.036
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0 (31.661) (45.302)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(2.817)	0 (11.746)
Áhætta í efnahagsreikningi	(2.415)	(26.833)	(48.714)
31.12.2015			
Handbært fé	679	12.717	14.896
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	4	0	5.208
Vaxtaberandi langtímaskuldir	0 (38.364) (338.260)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(545)	0 (17.148)
Áhætta í efnahagsreikningi	138 (25.647) (335.304)

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2016	2015	31.12.2016	31.12.2015
Gjaldmiðlar				
EUR	0,90	0,90	0,95	0,92
CHF	0,99	0,96	1,02	0,99
ISK	0,01	0,01	0,01	0,01

Skýringar, frh.:

30. Fjármálagerningar, frh.:

Næmnigreining

Styrking á gengi bandaríkjadals um 10% gagnvart eftirtöldum gjaldmiðlum þann 31. desember hefði hækkað (lækkað) afkomu félagsins eftir tekjuskatt um eftirfarandi fjárhæðir. Áhrif annarra erlendra gjaldmiðla eru óveruleg. Greiningin byggist á að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2015.

	31.12.2016	31.12.2015
EUR	(193)	11
CHF	(2.147)	(2.052)
ISK	(3.897)	(26.824)

Veiking á gengi Bandaríkjadals um 10% gagnvart gjaldmiðlunum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist óbreyttar.

Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda. Lántökur félagsins eru bæði með breytilegum vöxtum og föstum vöxtum með verðbótum, en stærstur hluti lána félagsins ber fasta vexti samanber skýringu nr. 24. Hlutfall vaxtaberandi skulda með breytilega vexti er 8% (2015: 10%).

Vaxtaberandi fjármálagerningar félagsins í árslok greinast þannig:

	Bókfært verð	
	31.12.2016	31.12.2015
Fjármálagerningar með breytilega vexti:		
Fjáreignir	18.253	67.952
Fjárskuldir	(31.661)	(38.364)
	<u>(13.408)</u>	<u>29.588</u>
Fjármálagerningar með fasta vexti:		
Fjáreignir	1.065	957
Fjárskuldir	(351.651)	(338.260)
	<u>(350.586)</u>	<u>(337.303)</u>

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með fasta vexti

Allar skuldir félagsins sem eru í árslok með fasta vexti fyrir utan lánasamning í svissneskum frönkum (CHF) og eru þessar skuldir eru ekki færðar á gangvirði. Því eiga breytingar á markaðsvöxtum á uppgjörsdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum um 100 punkta myndi hækka (lækka) afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi erlendra gjaldmiðla, haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2015.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2016		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	77	(360)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	<u>77</u>	<u>(360)</u>
31.12.2015		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	334	(640)
Næmni sjóðstreymis (nettó)	<u>334</u>	<u>(640)</u>

Skýringar, frh.:

30. Fjármálagerningar, frh.:

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	31.12.2016		31.12.2015	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, langtíma	(207.582)	(220.712)	(298.311)	(313.536)
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir	(175.730)	(193.605)	(78.313)	(79.434)
	(383.312)	(414.317)	(376.624)	(392.970)

Gangvirði annarra fjármálagerninga er jafnt bókfærðu verði þeirra.

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörstigi eins og árið 2015.

Flokkun fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	Lán og kröfur	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði	Bókfært virði
31.12.2016				
Langtímakröfur		1.007		1.007
Kröfur á móðurfélag		4.457		4.457
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		7.803		7.803
Handbært fé		18.253		18.253
	0	31.520	0	31.520
Skuldir við móðurfélag			207.582	207.582
Aðrar langtímaskuldir			175.730	175.730
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir			13.327	13.327
	0	0	396.639	396.639
31.12.2015				
Langtímakröfur		908		908
Kröfur á móðurfélag		4.743		4.743
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		7.534		7.534
Markaðsverðbréf	5.663			5.663
Handbært fé		62.290		62.290
	5.663	75.475	0	81.138
Skuldir við móðurfélag			308.079	308.079
Aðrar langtímaskuldir			78.313	78.313
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir			6.922	6.922
	0	0	393.314	393.314

Verðtryggingaráhætta

Verðtryggingaráhætta er hættan á að sveiflur í vísitölu neysliverðs hafa áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi verðtryggðra fjármálagerninga. Meirihluti vaxtaberandi skulda félagsins á árinu var verðtryggður en dregið var verulega úr verðtryggingaráhættu með skuldbreytingu stofnláns úr íslenskum krónum í bandaríkjadali í desember 2016. Í árslok eru verðtryggðar skuldir 11,8% af heildar langtímalánum (2015: 89,8%)

Skýringar, frh.:

30. Fjármálagerningar, frh.:

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með verðtryggingu

Breyting á vísitölu neysluverðs um 1 prósentustig (100 punkta) myndi (lækka) hækka afkomu um eftirfarandi fjárhæðir eftir tekjuskatt. Greiningin byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur haldist óbreyttar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2015.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
31.12.2016		
Verðtryggðir fjármálagerningar	(365)	365
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(365)	365
31.12.2015		
Verðtryggðir fjármálagerningar	(2.974)	2.974
Næmni sjóðstreymis (nettó)	(2.974)	2.974

Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í verðbréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

Eiginfjárstýring

Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarkseiginfjárstöðu.

31. Rekstrarleiga

Félagið sem leigutaki

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar. Á árinu 2016 námu leigugreiðslur 1,3 milljónum USD (2015: 1 milljónum USD)

32. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Móðurfélag, aðrir hluthafar, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Lykilstjórnendur

Auk launa njóta forstjóri og framkvæmdastjórnar félagsins framlags í réttindatengda lífeyrissjóði. Auk þess eru bifreiðahlunnindi greidd. Upplýsingar um laun stjórnenda eru í skýringu 10.

Viðskipti við tengda aðila

	2016	2015
Sala á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	64.832	64.348
Aðrir hluthafar	46.056	40.830
Sala á vörum og þjónustu til tengdra aðila samtals	110.888	105.178
Kaup á vörum og þjónustu:		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	15.571	18.439
Aðrir hluthafar	7.406	3.661
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	22.977	22.100

Auk kaupa á vörum og þjónustu greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld af lántökum að fjárhæð 16 milljónum USD (2015: 15 milljónum USD). Einnig fékk félagið óverulegar vaxtatekjur af langtímakröfu við hlutdeildarfélag sitt.

Skýringar, frh.:

32. Tengdir aðilar, frh.:

Staða í árslok

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2016		31.12.2015	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	4.457	0	4.743	0
Aðrir hluthafar	4.358	0	4.241	0
Samtals	8.815	0	8.984	0

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2016	31.12.2015
Vaxtaberandi langtímakröfur við hlutdeildarfélag	1.065	957
Vaxtaberandi skuld við móðurfélag, sbr. skýringu 24	(207.582)	(298.311)
Áfallnir vextir við móðurfélag	(69)	(9.768)
Samtals	(206.586)	(307.122)

33. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	2016	2015
Rekstrarhagnaður (EBIT)	49.717	56.815
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	79.167	78.980
Efnahagur:	31.12.2016	31.12.2015
Veltufjórhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,97	2,43
Eiginfjórhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	40,0%	40,7%
Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár	(4,1%)	13,1%

34. Grundvöllur matsaðferða

Reikningsskil félagsins byggjast á kostnaðarverði, að eftirfarandi liðum undanskildum:

- Flutningskerfi félagsins er fært á endurmetnu verði, sem var gangvirði þess á endurmatsdegi í árslok 2015.
- Fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrareikning eru færðir á gangvirði.

35. Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum. Kostnaður hefur verið endurflokkaður milli reksturs flutningskerfis og annars rekstrarkostnaðar og samanburðartölum breytt til samræmis. Breytt framsetning hefur ekki áhrif á hagnað félagsins og eigið fé.

Eftirfarandi efnisyfirlit sýnir á hvaða blaðsíðu má finna mismunandi reikningsskilareglur.

a. Erlendir gjaldmiðlar	28
b. Fjármálagerningar	28
c. Rekstrarfjármunir	29
d. Óefnislegar eignir	30
e. Eignarhlutur í dótturfélagi	30
f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	30
g. Birgðir	30
h. Virðisrýmun	30
i. Lífeyrisgreiðslur	31
j. Skuldbindingar	31
k. Tekjur	31
l. Leigugreiðslur	31

Skýringar, frh.:

35. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	31
n. Tekjuskattur	32
o. Hagnaður á hlut	32
p. Starfsþáttayfirlit	32
q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim	32

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

b. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir aðrar en afleiðusamningar

Lán, kröfur og handbært fé eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir, þ.m.t. fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning, eru upphaflega færðar á þeim degi sem félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Fjáreignir eru afskráðar ef samningsbundinn réttur félagsins að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef félagið framselur rétt til sjóðstreymis af eigninni til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldinu felst. Hluta af framseldum fjáreignum sem stofnað er til eða haldið eftir af félaginu er sérgreint í ársreikningi sem eign eða skuld.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Félagið flokkar fjáreignir aðrar en afleiðusamninga í eftirfarandi flokka: fjáreignir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og lán og kröfur.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning séu þær veltufjáreign eða ef þær eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir félagsins um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra í samræmi við skrásetta áhættustýringu félagsins eða fjárfestingastefnu. Við upphaflega skráningu er beinn viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar þaðan í frá eru færðar í rekstrarreikning. Markaðsverðbréf eru færð á gangverði gegnum rekstrarreikning.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum og sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádræginginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Til handbærs fjár telst sjóður og óbundnar bankainnistæður sem eru til ráðstöfunar innan þriggja mánaða.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiðusamningar

Skuldabréf eru færð á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerningsins.

Félagið afskráir fjárskuld þegar samningsbundnum skyldum vegna skuldageringsins er lokið, þær felldar niður eða falla úr gildi.

Félagið flokkar fjárskuldir aðrar en afleiðusamninga sem aðrar fjárskuldir. Slíkar skuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru þessar fjárskuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Til fjárskulda félagsins annarra en afleiðusamninga teljast: skuldabréf, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Lántökukostnaður er færður til lækkunar á fjárskuldinni og leystur upp miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

35. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

(iii) Hlutafé

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun og eignfærðan fjármagnskostnað. Aðkeyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur hluti til að starfrækja viðkomandi rekstrarfjármuni er færður til eignar sem hluti af kostnaðarverði þeirra. Jafnframt er við ákvörðun kostnaðarverðs tekið tillit til áætlaðs kostnaðar við niðurlagningu eignanna og kostnaðar sem kann að falla til við lagfæringu á þeim stað þar sem eignirnar voru.

Þegar einstakir hlutir rekstrarfjármunar hafa ólíkan nýtingartíma eru þeir aðgreindir í bókhaldi og færðir sérstaklega.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð. Þannig eru línur og tengivirki félagsins skráð á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna. Verðmatshækkanir vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) Flutningsvirki í byggingu

Flutningsvirki í byggingu eru færð til eignar á því verði sem svarar til aðkeyptrar þjónustu, efnis, beins launakostnaðar og annars beins kostnaðar. Eignir sem ekki hafa verið teknar í notkun eru ekki afskrifaðar. Fjármagnskostnaður vegna fjármögnunar á kostnaðarverði flutningsvirkja í byggingu er eignfærður á byggingartíma og talinn hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Eignfærður fjármagnskostnaður er veginn meðalfjármagnskostnaður félagsins á byggingartímanum.

(iii) Leigðar eignir

Leigusamningar félagsins eru skilgreindir sem rekstrarleigusamningar og eru leigðar eignir ekki færðar í efnahagsreikning félagsins.

(iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(v) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Tengivirki	20 - 40 ár
Háspennulínur	20 - 60 ár
Fasteignir	50 ár
Skrifstofuáhöld, tæki og aðrar eignir	4-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjorsdegi.

Skýringar, frh.:

35. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Óefnislegar eignir

(i) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er eignfærður meðal fastafjármuna. Hér er aðallega um að ræða kostnað vegna kannana á línustæðum, undirbúnings lagningar flutningsmannvirkja og kostnað tengdan vinnu við umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fjármagnskostnaður vegna verkefna sem eru í undirbúningi er eignfærður og er talinn hluti af undirbúningskostnaðinum. Þetta á þó ekki við um verkefni sem eru í bið umfram eðlilegt ferli verkefnisins. Kostnaður er ekki afskrifaður á þessu stigi heldur hefur verið tekið tillit til mögulegrar virðisrýmnunar eins og fram kemur í skýringu 35h.

Ef undirbúningskostnaður er að frumkvæði raforkukaupanda hefur félagið samið um að ef ekki verði af framkvæmdum, beri þeir útlagðan kostnað.

Þegar ákvörðun um lagningu flutningsmannvirkis hefur verið tekin og öll tilskilin leyfi hafa fengist, er undirbúningskostnaður eignfærður sem flutningsmannvirki í byggingu.

Á hverjum reikningsskiladegi er eignfærður undirbúningskostnaður yfirfarinn af stjórnendum með tilliti til skilyrða reikningsskilareglna um eignfærslu og virðisrýmnun færð ef talið er að forsendur séu ekki lengur til staðar.

Útlagður kostnaður við almennar rannsóknir er gjaldfærður þegar hann fellur til.

(ii) Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir

Hugbúnaður og aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmnun.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma. Nýtingartími hugbúnaðar er 4 ár.

e. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið á dótturfélagið Landsnet ehf. Ekki er gerður samstæðureikningur og er eignarhluturinn færður á upphaflegu kostnaðarverði. Engin starfsemi hefur verið í dótturfélaginu frá stofnun. Hlutfélagið er 500 þús. kr.

f. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag þar sem félagið hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar félagið ræður 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag er fært í ársreikninginn með hlutdeildaraðferð og er í upphafi fært á kostnaðarverði. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild í afkomu og eiginfjárhreyfingum hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þess. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærð verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

g. Birgðir

Rekstrarvöru- og varahlutabirgðir eru færðar á kostnaðarverði. Úreltar og ónýtar birgðir eru gjaldfærðar. Kostnaður við birgðir er byggður á „fyrst inn - fyrst út“ reglunni (FIFO) við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á staðinn og í notkunarhæft ástand.

h. Virðisrýmnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmnun fjáreigna. Virði fjáreignar telst hafa rýrnað ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýmnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver fyrir sig með tilliti til virðisrýmnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýmnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

35. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni. Virðisrýrnun endurmats eigna er færð til lækkunar á endurmatsreikningi að því marki sem nemur endurmati vegna þeirrar eignar.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

i. Lífeyrisgreiðslur

(i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Félagið greiðir iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Félagið ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til.

(ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Samkvæmt samningi félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) skulu skuldbindingar vegna starfsmanna félagsins sem eiga aðild að LSR gerðar upp árlega. LSR metur sérstaklega í árslok núvirta áfallna lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári og dregur frá útreiknaðri fjárhæð iðgjöld sem starfsmenn og félagið hafa greitt sjóðnum vegna áunninna réttinda á árinu. Mismunurinn er gjaldfærður í rekstrarreikningi og greiddur árlega. Tryggingafræðilegt mat skal miðað við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%.

j. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

(i) Niðurrifsskuldbinding

Félagið hefur áætlað kostnað við niðurrif núverandi línustæða. Niðurrifskostnaðurinn hefur verið núvirtur miðað við áætlaðan líftíma háspennulína félagsins og er núvirt fjárhæð færð annars vegar til lækkunar á viðkomandi eign og hins vegar sem skuldbinding í efnahagsreikningi.

k. Tekjur

Tekjur vegna flutnings raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu orkunnar á árinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu. Félaginu eru sett tekjumörk á grundvelli 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Tekjur er undir eftirliti Orkustofnunar.

l. Leigugreiðslur

Leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar í rekstrarreikning með línulegum hætti á leigutímanum.

Eignaleiga sem svarar til fjármagnskostnaðar og afskrifta á árinu vegna afnota af flutningsmannvirkjum raforkufyrirtækja er gjaldfærð í ársreikningnum. Leigugjaldið er undir eftirliti Orkustofnunar.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, söluhagnaði af eignarhlutum í hlutdeildarfélögum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar niðurrifsskuldbindingar, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

Skýringar, frh.:

35. Reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir í yfirlit um heildarafkomu eða beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður með sama hætti.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaða ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

o. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útstandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

p. Starfspáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi, auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og er því ekki birt starfspáttayfirlit.

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest í árslok 2016 og gilda um árið 2016 og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2016, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin að fullu en talið að þau séu óveruleg.

Viðauki 1 - Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn og stjórnarhættir Landsnets hf.

Hlutverk Landsnets samkvæmt rafor kulögum nr. 65/2003 er að reka flutningskerfi rafor ku og annast kerfisstjórnun. Fyrirtækinu ber að tryggja og viðhalda hæfni flutningskerfisins til lengri tíma og tryggja rekstraröryggi rafor kukerfisins. Landsnet á einnig að sjá til þess að jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar rafmagns á hverjum tíma og annast uppgjör orkuflæðis á landsvísu. Þá á fyrirtækið að stuðla að því að efla virkni rafor kumarkaðarins.

Stjórnarhættir

Stjórn Landsnets hf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út og gilda frá og með 1. júní 2015. Stjórn setur sér starfsreglur, þar sem valdssvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Núverandi starfsreglur voru staðfestar á stjórnarfundi Landsnets 27. júní 2013 og eru aðgengilegar á aðalskrifstofu fyrirtækisins.

Innra eftirlit og áhættustýring

Til að tryggja að reikningsskil Landsnets séu í samræmi við góða reikningsskilavenju hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, ásamt reglulegri skýrslugjöf og gegnsæi í starfseminni. Mánaðarleg skýrslugjöf ásamt rýni fyrir einstök svið er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykillþáttum starfseminnar. Stjórn hefur eftirlit með fjármálalegri áhættu félagsins. Upplýsingar um áhættustýringu má finna í skýringu nr. 30 í ársreikningi félagsins.

Gildi félags og siðareglur

Starfsmönnum ber að hafa gildi Landsnets að leiðarljósi í öllum störfum sínum og athöfnum. Gildin taka mið af hlutverki og framtíðarsýn fyrirtækisins og eru grundvöllur þess fyrirtækjabrags sem sóst er eftir. Gildi Landsnets eru: virðing, samvinna og ábyrgð.

Siðareglur Landsnets voru samþykktar á stjórnarfundi 25. júlí 2005 og eiga að stuðla að heiðarleika, réttisýni og sanngírni starfsfólks gagnvart hvert öðru, gagnvart fyrirtækinu og viðskiptavinum þess. Reglunum er einnig ætlað að efla traust og tiltrú viðskiptavina og almennings á Landsneti og að takmarka hættuna á því að álit almennings á Landsneti biði hnekki. Það er mat stjórnar Landsnets að skýrar siðareglur, sem hafðar eru í heiðri í daglegum störfum, séu grunnur að velgengni og framtíðarvexti fyrirtækisins. Siðareglur Landsnets ná til allra starfsmanna félagsins, einnig til stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglur Landsnets hf. eru aðgengilegar á aðalskrifstofu félagsins.

Framtíðarsýn og stefnuáherslur

Framtíðarsýn Landsnets er „Rafvædd framtíð í takt við samfélagið“. Nútímasamfélög reiða sig í æ ríkari mæli á örugga afhendingu rafor ku og því er nauðsynlegt að treysta rekstur flutningskerfis rafor ku. Landsnet hefur sett sér það markmið að tryggja örugga afhendingu á rafor ku til framtíðar og að viðhalda jafnvægi milli framleiðslu og notkunar. Fyrirtækið ætlar að ná eins breiðri sátt og mögulegt er um þær leiðir sem farnar verða og taka tillit til þarfa samfélagsins á hverjum tíma ásamt því að sýna ábyrgð í umgengni við náttúruna. Landnet einsetur sér jafnframt að stuðla að heilbrigðu markaðsumhverfi á rafor kumarkaði og hagkvæmri nýtingu fjármuna.

Stefna Landsnets byggir á hlutverki fyrirtækisins og framtíðarsýn. Stefnan birtist í stefnu- og skipulagsáherslum sem verða leiðarljós starfsemi fyrirtækisins næstu árin.

Stefnuáherslur

Landsnet hefur skilgreint fjórbætt loforð við samfélagið í formi stefnuáherslna. Þau endurspeglar stefnu fyrirtækisins og þá áfanga sem þarf að ná til að komast þangað sem framtíðarsýn Landsnets vísar okkur. Loforðin eru:

1. Öruggt rafmagn, gæði og öryggi flutningskerfisins til framtíðar

Landsnet stuðlar að því að þegnar samfélagsins, jafnt einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir, hafi á hverjum tíma aðgang að rafmagni í því magni og þeim gæðum sem þörf er á. Forgangsáherslur til framtíðar eru skilgreindar og þau viðmið sem unnið er eftir varðandi áreiðanleika, öryggi og gæði; Landsnet vinnur að því að ná breiðri sátt um forsendur framkvæmda og fjárfestinga.

2. Í sátt við samfélag og umhverfi

Mikilvægt er að sátt ríki í samfélaginu um hlutverk Landsnets og áherslur og að skilningur sé á mikilvægi fyrirtækisins sem hluti af innviðum samfélagsins. Landsnet vinnur að því að skapa sátt um hlutverk, starfsemi og mikilvægi fyrirtækisins sem eins af burðarásum samfélagsins. Áherslan beinist að samfélagsábyrgð sem er samtvinnuð stefnu fyrirtækisins. Landsnet eigi frumkvæði að stöðugu samtali við hagsmunaaðila sem einkennist af hreinskilni, ábyrgð, víðsýni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja.

3. Góð nýting fjármuna – skilvirkur rekstur

Styrking flutningskerfis og áhersla á útrýmingu flöskuhálsa stuðlar að heilbrigðu fjárfestingaumhverfi fyrir aðila á orkumarkaði og minni sóun í raforkugeiranum í heild. Áherslan er á flutningsnetið „frá vöggju til grafar“ í ákvörðunum um fjárfestingar og rekstur og tekið mið af þjóðhagslegum hagsmunum. Landsnet fer vel með þá fjármuni sem fyrirtækinu er trúað fyrir. Landsnet sýnir ráðdeild, kostnaðarvitund og hagsýni við uppbyggingu og rekstur flutningskerfa. Rekstur er straumlínulagaður.

4. Skýr ímynd

Landsnet vill byggja upp skýra ímynd sem tengist fagmennsku, trausti og samfélagsábyrgð. Áhersla er lögð á að starfa sem nútímalegt og framsækið fyrirtæki sem skoðar ólíkar lausnir með opnum huga og með heildarhagsmuni samfélagsins að leiðarljósi; Landsneti er umhugað um að upplýsingagjöf sé ítarleg, auðskiljanleg, heiðarleg og hreinskilin.

Skipulagsáherslur

Landsnet hefur skilgreint tvíþætt loforð í formi skipulagsáherslna. Þau eru lykilsendur – nokkurs konar stuðningsáherslur – sem styðja við stefnuna út í samfélagið. Loforðin eru:

1. Markviss stjórnun og skipulag

Stjórnskipulag styður við hlutverk, stefnu og meginstarfsemi fyrirtækisins á skýran og markvissan hátt sem og þau loforð sem Landsnet gefur viðskiptavinum og samfélaginu. Áhersla er lögð á einfalt og skilvirkt skipulag með sterkum meginstöðum og skýrum hlutverkum þar sem ferli mála er skoðað á heildstæðan hátt. Samhliða er lögð áhersla á stöðugar umbætur til að einfalda ferla, auka skilvirkni og bæta hagkvæmni almennt.

2. Góður vinnustaður

Landsnet ber umhyggju fyrir sérhverjum starfsmanni og veitir honum tækifæri til að takast á við spennandi verkefni og þróast í faglegu og metnaðarfullu umhverfi. Landsneti er umhugað um að skapa góðan vinnustað þar sem menning og samskipti einkennast af gildum félagsins og starfsfólk fær tækifæri til að þróast og dafna. Áhersla er lögð á að starfsfólk hafi sameiginlega sýn á gildi, tilgang og hlutverk Landsnets. Ríkjandi er þjónustuhugsun og umhyggja fyrir þörfum viðskiptavina, starfsfólks, samfélagsins og umhverfisins.

Stjórnskipulag Landsnets

Helstu einingar í stjórnskipulagi Landsnets eru stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Framkvæmdastjórn félagsins er samansett af forstjóra og fimm framkvæmdastjórum. Þá er ein undirnefnd stjórnar, endurskoðunarnefnd en að auki fer stjórn fer með hlutverk starfskjaranefndar.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við ákvæði í lögum um stofnun Landsnets nr. 75/2004 og raforkulögum nr. 65/2003 skulu stjórnarmenn í félaginu vera að öllu leyti óháðir vinnslu-, dreifingar- og sölufyrirtækjum raforku, hvort sem slík fyrirtæki eru eigendur félagsins eður ei. Er þetta gert til að fullnægja lögbundnum kröfum um að flutningsfyrirtækið gæti fyllsta hlutleysis og jafnræðis í starfsemi sinni.

Vegna hinnar sérstöku stöðu félagsins skv. III. kafla raforkulaga og ríkra skyldna til þess að gæta hlutleysis og jafnræðis skal áréttað að hluthöfum er óheimilt að skipta sér af einstökum úrlausnarefnum er varða starfrækslu Landsnets hf.

Afskipti hluthafa skulu að meginstefnu til takmarkast við almennar stefnumarkandi ákvarðanir á reglulegum hluthafafundum, t.a.m. um fjárhagsleg markmið rekstrar félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórn

Stjórn Landsnets hf. hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á bókhaldi og uppgjöri. Stjórnin ræður forstjóra félagsins, en kjör hans eru ákvörðuð af Kjararáði, sbr. lögum um kjararáð nr. 47/2006. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og hluthöfum samkvæmt 8. gr. raforkulaga 65/2003.

Í stjórn Landsnets eru kjörnir þrír aðalmenn en þeir eru:

Sigrún Björk Jakobsdóttir, formaður stjórnar.

Sigrún Björk Jakobsdóttir er fædd árið 1966. Sigrún Björk hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja, samtaka, stofnana og nefnda og hefur víðtæka reynslu af vettvangi ferðaþjónustu og sveitarstjórnarmála. Sigrún Björk er menntuð hótélrekstrarfræðingur frá IHTTI hótélstjórnunarskólanum í Luzern í Sviss og hefur einnig stundað nám í nútímafræðum við Háskólann á Akureyri. Hún starfaði að ferðamálum frá 1994 til 2003, m.a. sem deildarstjóri hjá Úrval Útsýn, stundakennari á Hólum og ráðgjafi hjá PWC. Frá 2002 til 2010 var Sigrún Björk bæjarfulltrúi á Akureyri, þar af forseti bæjarstjórnar 2006-2007 og bæjarstjóri frá 2007 til 2009. Hún var verkefnastjóri hjá Markaðsstofu Norðurlands frá 2010 og þar til hún tók við núverandi starfi sem hótélstjóri Icelandair Hótel Akureyri í mars 2011. Sigrún var kjörin í stjórn Landsnets á aðalfundi 7. apríl 2016.

Svana Helen Björnsdóttir, stjórnarmaður

Svana Helen Björnsdóttir er fædd árið 1960. Svana Helen Björnsdóttir stundaði nám í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands og síðan framhaldsnám við Technische Universität Darmstadt í Þýskalandi, þaðan sem hún lauk Dipl.-Ing. meistaraprófi í raforkuverkfræði árið 1987. Hún hefur einnig lokið námi í rekstrarverkfræði við Háskóla Íslands og leggur nú stund á doktorsnám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík. Svana stofnaði upplýsingatækniyrirtækið Stika árið 1992 og starfar þar sem framkvæmdastjóri. Hún var formaður Samtaka iðnaðarins 2012-2014 og sat þá samtímis í framkvæmdastjórn og stjórn Samtaka atvinnulífsins. Hún hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja, samtaka og stofnana og hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Svana hefur setið í stjórn Landsnets frá 31. mars 2009.

Ómar Benediktsson, stjórnarmaður

Ómar Benediktsson er fæddur árið 1959. Hann stundaði nám í Háskóla Íslands og útskrifaðist sem cand oecon. af fyrirtækjasviði við viðskiptafræðideild skólans. Starfaði við stjórnunarstörf í ferða- og flugmálum í 30 ár. Í byrjun árs 2012 skipti hann um starfsvettvang og er nú framkvæmdastjóri Farice ehf. sem sér um fjarskiptasamband Íslands við umheiminn og stuðlar að uppbyggingu gagnaversiðnaðar á Íslandi. Ómar hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja, bæði innlendra og erlendra, samtaka og stofnana og hefur víðtæka reynslu af rekstri fyrirtækja bæði hérlendis og erlendis. Ómar hefur setið í stjórn Landsnets frá 29. mars 2012.

Varamenn í stjórn eru Svava Bjarnadóttir og Jóhannes Sigurðsson.

Stjórnin hélt 18 fundi á árinu 2016. Nefndin var fullskipuð á þeim fundum að fjórum fundum fráskildum en þá var einn nefndarmaður fjarverandi. Varamaður stjórnar sat tvo fundi.

Forstjóri og framkvæmdastjórn Landsnets

Starfsskyldur forstjóra

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum skv. lögum nr. 2/1995 og samþykktum félagsins. Forstjóri stendur fyrir rekstri félagsins í samræmi við reglur eða ákvarðanir stjórnar, samkvæmt samþykktum þess og lögum. Forstjóri ritar firma félagsins og hefur prókúru fyrir það. Forstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmönnum félagsins umboð til að fara með afmarkaðar heimildir starfsskyldu sinnar að fengnu samþykki stjórnar félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Forstjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það eftirlitskerfi sé skilvirkt. Forstjóri undirbýr fundi stjórnar ásamt formanni hennar og gefur stjórninni reglulega skýrslu um störf og hag félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri

Guðmundur Ingi er fæddur árið 1955. Hann lauk prófi í rafmagnsverkfræði 1980 frá Háskóla Íslands og meistaraprófi í raforkuverkfræði 1982 frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU). Guðmundur Ingi réðst til Landsvirkjunar árið 1982 og starfaði sem verkfræðingur í rekstrardeild, síðar yfirverkfræðingur og deildarstjóri kerfisdeildar frá árinu 1993. Kerfisstjóri Landsnets frá stofnun þess 1. janúar 2005. Framkvæmdastjóri kerfisstjórnar frá 1. nóvember 2005. Guðmundur Ingi var aðstoðarforstjóri Landsnets frá 1. janúar 2008 og forstjóri frá 1. janúar 2015.

Í framkvæmdastjórn Landsnets hf. skipa auk forstjóra:

Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs
Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri kerfisstjórnunarsviðs
Nils Gustavsson, framkvæmdastjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs
Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs

Endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins skipar í endurskoðunarnefnd. Í núverandi endurskoðunarnefnd Landsnets hf. sitja:
María Sólbergisdóttir, endurskoðandi, formaður.
Ómar Benediktsson, stjórnarmaður Landsnets hf.
Svava Bjarnadóttir, varamaður í stjórn Landsnets hf.

Endurskoðunarnefnd Landsnets hf. hefur sett sér starfsreglur og er hlutverk hennar skilgreint í þeim en þar segir: Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun ef við á og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og annarra fjárhagsupplýsinga félagsins.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis félagsins og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Þá gerir nefndin tillögur að úrbótum og tekur til umfjöllunar mál að beiðni stjórnar. Endurskoðunarnefnd setur fram tillögu til stjórnar um löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis fyrir félagið ár hvert.

Nefndin hélt 7 fundi á árinu 2016 og var nefndin fullskipuð á þeim fundum.

Starfskjaranefnd

Stjórn Landsnets hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar. Landsnet hf. hefur sett fram starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi félagsins 31. mars 2011. Starfskjarastefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Málefni tengd starfskjaranefnd eru tekin fyrir á stjórnarfundum þegar við á.

Viðauki 2 - Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar sem og viðbótarkröfur fyrir félög sem teljast til eininga tengdum almannahagsmunum eða yfir stærðarmörkum stórra félaga. Þau félög skulu birta yfirlit með skýrslu stjórnar þar sem fram koma upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Í yfirlitinu ber einnig að greina frá stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt því að innihalda stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins og viðeigandi ófjárhagslegum lykilmælikvörðum. Lögin gera þá kröfu að hafi félagið ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt lagagreininni skal gera skýra og rökstudda grein fyrir því í yfirlitinu. Félagið telst vera eining tengd almannahagsmunum og fellur það undir þessar kröfur. Kröfurnar koma til vegna innleiðingar á tilskipun Evrópusambandsins. Fyrir aðildarríki Evrópusambandsins gildir fyrrgreint ákvæði frá og með árinu 2017 og hafa leiðbeiningar Evrópusambandsins vegna innleiðingar þess ekki verið birtar. Vegna þess skamma tíma sem leið frá lagabreytingunum til loka reikningsárs hefur félaginu ekki tekist að ljúka innleiðingu á þessu ákvæði. Innleiðingin mun eiga sér stað að fullu á árinu 2017 og fyrrgreindar upplýsingar munu verða birtar frá og með næsta ársreikningi.